



Umbótaáætlun  
2018 - 2019

# Sjálfsmatsskýrsla Grunnskóla Hornafjarðar



Ábyrgðaraðili:  
Eygló Illugadóttir,  
aðstoðarskólastjóri  
2018-2019

**Efnisyfirlit**

Inngangur .....	2
Jákvæðir þættir.....	4
Foreldrakönnun Skólapúlsins .....	4
Nemendakönnun Skólapúlsins í 1. – 5. bekk.....	5
Nemendakönnun Skólapúlsins í 6. – 10. bekk.....	5
Hagir og líðan ungs fólks 2019.....	6
Víma 2019.....	6
Starfsmannakönnun Skólapúlsins .....	6
Lesferill – lesfimiþróf .....	8
Niðurstöður skimana og prófa .....	8
Lesferill – Lesskimun fyrir 1.bekk .....	9
Hraðlestrarpróf.....	9
Logos lesskimun.....	9
Talnalykill.....	9
Samræmd próf í 4., 7. og 9. bekk .....	9
Umbótaáætlanir .....	9
Umbótaáætlun foreldrakönnunar.....	9
Umbótaáætlun nemendakönnunar í 1. – 5. bekk .....	10
Umbótaáætlun nemendakönnunar í 6. – 10. bekk .....	10
Umbótaáætlun starfsmannakönnunar.....	11

## Inngangur

Í umbótaáætlun þessari er greint frá helstu niðurstöðum sjálfsmats skólaárið 2018 – 2019 og umbótum sem unnar hafa verið í kjölfar þess. Sjálfsmatið byggir á könnunum Skólapúlsins sem lagðar voru fyrir nemendur, foreldra- og starfsmenn veturinn 2018 – 2019. Einnig er matið byggt á tengslakönnunum sem umsjónarkennarar lögðu fyrir nemendur, rýnihópafundum um niðurstöður úr lesfimi, talnalykli, Logos og niðurstöðum úr samræmdum prófum. Einnig voru fundir haldnir með starfsmönnum þar sem rætt var m.a. um hvernig til tókst með árshátíð skólans og opna viku í lok skólaársins. Sjálfsmatsteymið boðar til starfsmannafunda þegar niðurstöður Skólapúlskannana liggja fyrir til að kynna og rýna í niðurstöðurnar og á þeim fundum er ennfremur rætt um hvernig bregðast skuli við. Sama fyrirkomulag er við haft þegar niðurstöður liggja fyrir úr könnun sem lögð er fyrir nemendur á vegum Rannsóknar og greiningar. Sjálfsmatsteymið fundar síðan reglulega til að fara yfir niðurstöður og hvernig bregðast skuli við.

Allir nemendur Grunnskóla Hornafjarðar komu að sjálfsmati vetrarins með þátttöku í árlegri nemendakönnun Skólapúlsins. Nemendur í 1.-5. bekk svöruðu könnun um ánægju af lestri og líðan í skólanum en nemendur í 6.-10. bekk svöruðu nemendakönnun sem fjallar um líðan þeirra í skólanum, virkni í námi og almennra spurninga um skólastarf og bekkjaranda. Tengslakannanir eru lagðar fyrir tvisvar á ári fyrir nemendur í 1. – 10. bekk. Nemendur í 5. – 7. bekk tóku þátt í könnuninni „Hagir og líðan ungs fólks 2019“ og nemendur í 8. – 10. bekk tóku þátt í könnuninni „Víma 2019“.

Hluti foreldra kom að mati á skólastarfinu með þátttöku í árlegri foreldrakönnun Skólapúlsins en hún er lögð fyrir í febrúar ár hvert.

Starfsmenn mátu skólastarfið með þátttöku í starfsmannakönnun Skólapúlsins í mars og einnig voru boðaðir rýnihópafundir m.a. til að ræða árshátíð skólans og opna viku sem haldin var í lok skólaársins. Eins og áður hefur komið fram voru einnig starfsmannafundir þar sem ræddar voru niðurstöður tengslakannana, skólapúlsins, lesfimi, Logos, talnalykils og samræmdra prófa og á þeim fundum var rætt um hvernig best væri að bregðast við niðurstöðum.

Í Sjálfsmatsskýrslu Grunnskóla Hornafjarðar 2018 - 2019 má sjá niðurstöður úr könnunum hvers flokks og eru þær kynntar í sér kafla.

Áður hafa niðurstöður Skólapúlsins sem nemendur, foreldrar og starfsmenn skólans tóku, verið birtar á heimasíðu skólans. Niðurstöður nemendakönnunar í Skólapúlsinum 6. – 10. bekk veturinn 2018 - 2019 á slóðinni: <https://gs.hornafjordur.is/media/pdf-sjalfsmat/nidurstodur-nemenda-i-juni-2019.pdf> , niðurstöður foreldrakönnunar í Skólapúlsinum veturinn 2017 -2018 á slóðinni: <https://gs.hornafjordur.is/media/annad/Nidurstodur-foreldrakonnunar-Skolapulsins-2019.pdf> og niðurstöður starfsmannakönnunar í Skólapúlsinum veturinn 2017 – 2018 á slóðinni: <https://gs.hornafjordur.is/media/pdf-sjalfsmat/starfsmenn-2018-2019.pdf> .

Þau atriði sem komið hafa fram í textaspurningum kannananna (opin svör) hafa verið rædd bæði á almennum kennarafundum og hafa verið fléttuð inn í rýnihópavinnu starfsmanna.

Í upphafi þessarar skýrslu verður greint frá þeim þáttum sem voru í og yfir landsmeðaltali í könnunum Skólapúlsins. Síðan fylgja umbótaráætlanir viðhorfskannana vetrarins og eru þær merktar þeim matshópi sem tók þær.

## Jákvæðir þættir

Í þessum kafla eru tilgreind atriði sem voru í og yfir landsmeðaltali og telur stýrihópurinn mikilvægt að halda á lofti þeim atriðum sem sátt er um í skólasamfélaginu.

## Foreldrakönnun Skólapúlsins

Í foreldrakönnuninni er spurt um eftirfarandi matsþætti:

- **Nám og kennsla.** Foreldrar eru marktækt ánægðari með nám og kennslu í skólanum og þeir eru ánægðari með stjórnun skólans og telja að hæfilegur agi sé í skólanum í vetur og í þessum þáttum erum við yfir landsmeðaltali.
- **Velferð nemenda.** Í þessum flokki eru foreldrar í Grunnskóla Hornafjarðar mun ánægðari en foreldrar í viðmiðunarskólunum og á það við um alla þætti og í sumum þáttum er marktækt meiri ánægja en annars staðar. Á það við um ánægju foreldra með samskipti starfsfólks við nemendur, líðan nemenda í skólanum og líðan nemenda í kennslustundum. Foreldrar eru ánægðir með hve vel skólinn mætir þörfum nemenda, líðan þeirra í frímínútum og nú telja foreldrar hér umfang eineltis vera minna en aðrir foreldrar og eru sáttari við úrvinnslu mála. Foreldrar eru ánægðir með eineltisáætlun skólans.
- **Aðstoða og þjónusta.** Í þessum flokki eru foreldrar líka ánægðari en aðrir og gildir það um alla þætti en hér eru foreldrar marktækt ánægðari en annars staðar með aðstöðuna í skólanum. Það er ánægja með tómsundaþjónustu sem er í boði utan hefðbundins kennslutíma og einnig nota fleiri nemendur frístundaheimilið en annars staðar. Um það bil 95% nemenda hér nýta sér mötuneytið og eru það fleiri en á öðrum stöðum á landinu en ánægja foreldra með matinn hefur aukist töluvert á milli ára.
- **Foreldrasamstarf.** Í þessum flokki eru foreldrar mun sáttari í mörgum þáttum en foreldrar í viðmiðunarskólunum. Þeir telja að það sé leitað eftir tillögum frá þeim, að þeir hafi áhrif á ákvarðanir er varða nemendur og eru marktækt ánægðari með síðasta foreldraviðtal en foreldrar annars staðar. Færri foreldrar hér telja sig fá að taka þátt í gerð námsáætlana með nemendum og marktækur munur er á því að þeir séu vel upplýstir um stefnu skólans og námskrá.
- **Heimastuðningur.** Foreldrar hér telja sig sig veita barninu álíka mikinn stuðning í námi og foreldrar annars staðar, hafa álíka mikla trú á getu sinni til þess að aðstoða og aðrir og börnin sækjast álíka mikið eftir stuðningi frá þeim. Fleiri foreldrar hér telja að heimavinna sé hæfileg mikil en þeir verja minni tíma en foreldrar annars staðar í að aðstoða börnin við heimanám. Fleiri foreldrar hér gera ráð fyrir að barnið ljúki iðnnámi og grunnnámi á háskólastigi en framhaldsnámi í háskóla.
- **Gefinn er kostur á opnum svörum:**
  - Foreldrar eru beðnir um að lýsa því hvað þeim þykir sérstaklega gott við skólann og þar kom fram almenn ánægja með skólann, þar sé gott og

metnaðarfullt starfsfólk. Fjölbreytt nám sé í boði og námsaðferðir. Töluvert er einnig minnst á góð samskipti milli heimila og skóla.

- Foreldrar eru einnig beðnir um að lýsa því hvað þeim þykir að betur megi fara í skólanum og þar kom fram að nokkrum fannst að betri agi mætti vera í skólanum. Nokkrir nefna eineltismál en frekari útskýringar fylgja ekki. Umræða um símanotkun í skólanum og að það eigi að banna síma.

### Nemendakönnun Skólapúlsins í 1. – 5. bekk

Í nemendakönnuninni eru matspættirnir sem spurt er um eftirfarandi:

- **Ánægja af lestri.** Ánægja af lestri í 1. og 4. bekk eru töluvert yfir landsmeðaltali en í 2., 3. og 5. bekk svipuð og almennt gerist hjá viðmiðunarskólunum. Á heildina er litið er því ánægja af lestri töluvert meiri en almennt gerist.
- **Ánægja með skólann.** Ánægja með skólann er töluvert meiri í 1. og 5. bekk en almennt gerist, hinsvegar eru niðurstöðurnar í 3. og 4. bekk ekki þær sem vonast var eftir, en ánægja þeirra með skólann er töluvert minni en gengur og gerist. Niðurstaða skólans er svipuð og almennt gerist.
- **Vellíðan í skólanum.** Nemendum í 1. og 5. bekk, líður töluvert mikið betur í skólanum en almennt gerist og marktækur munur mælist hjá 1. bekk. Aftur á móti líður nemendum í 2. og 4. bekk verr en almennt gerist. Niðurstaða skólans er svipuð og almennt gerist.

### Nemendakönnun Skólapúlsins í 6. – 10. bekk

Í nemendakönnuninni eru matspættirnir sem spurt er um eftirfarandi:

- **Virgni nemenda í skólanum.** Síðastliðinn vetur var verið að vinna með þrautseigju í námi og trú á eigin getu, því var áframhaldið þennan vetur, en nemendur mælast enn marktækt undir meðaltalinu í þrautseigju í námi og ánægju af náttúrufræði. Aðrar niðurstöður eru svipaðar og almennt gerist
- **Líðan og heilsu.** Einnig höfum við mikið unnið gegn einelti en mælumst enn yfir þar. Nemendur í Grunnskóla Hornafjarðar hafa lengi verið yfir meðaltali í tíðni hreyfingar og halda því áfram.
- **Skóla og bekkjarandi.** Agi í tímum hefur lengi verið undir meðaltali, en í ár hækkuðum við um 0,3 sem verður að teljast gott. Nemendur telja sig eiga í ágætu sambandi við kennararna, telja sig taka svipað virkan þátt í tímum og almennt gerist. Nemendur telja heimavinnu marktækt mikilvægari en nemendur á landsvísu.
- **Gefinn er kostur á opnum svörum:**



- Nemendur eiga að lýsa því sem þeim finnst gott við skólann og eru þeir almennt ánægðir. Þeir eru ánægðir með kennarana og skólafélagana og á unglíngastiginu eru þeir ánægðir með að fá að vera inni í frímínútum.
- Einnig eiga þeir að lýsa því sem þeim finnst slæmt við skólann og þar kemur fram að þeim finnst maturinn ekki alltaf góður. Of fáir sófar á unglíngastiginu og sumir nemendur gefa ekki alltaf vinnufrið í tímum.

### Hagir og líðan ungs fólks 2019

Ár hvert tekur 5. – 7. bekkur könnunina hagir og líðan ungs fólks í febrúar. Könnunin er viðamikil og snýr bæði að heimili og skóla. Það sem við í skólanum ætlum að skoða betur og vinna með næsta vetur er það að nemendum í 5.-7. bekk finnst almennt leiðinlegra í skólanum en gengur og gerist og einnig finnst þeim kennarar sínir hrósa minna en almennt gerist á landinu.

### Víma 2019

Könnunin víma var lögð fyrir nemendur í 8-10. bekk í febrúar, þar sem þau svara 15 spurningum um notkun áfengis og vímuefna. Niðurstöðurnar úr 8. og 10. bekk voru mjög góðar og neytir þar enginn neinna vímuefna, en nokkrir hafa prófað rafrettur, en nota þær ekki að staðaldri.

Hinsvegar eru niðurstöðurnar úr 9. bekk ekki góðar. 33,3% þeirra segjast nota rafrettur að staðaldri. 5,6% notuðu neftóbak einu sinni eða oftár á sl. 30 dögum og sama prósentu segist hafa orðið ölvuð einu sinni eða oftár sl. 30 daga. Mikið áhyggjuefni þykir að 16,7% nemenda í 9. bekk segjast hafa notað marjúana einu sinni eða oftár um ævina.

### Starfsmannakönnun Skólapúlsins

Allir starfsmenn skólans eru spurðir um: viðhorf til skólans, stjórnun, starfspróun, jafnrétti/jafnræði, starfsanda, vinnuaðstöðu, álag og áreitni og einelti. Að auki eru starfsmenn sem stunda kennslu beðnir um að gefa upplýsingar um: stefnumótun, aðstæður til kennslu, kennsluhætti, bekkjarstjórnun, endurgjöf og námsmat. Hver efnisflokkur samanstendur af mismunandi matsþáttum.

#### Allir starfsmenn:

- **Almennt.** Í könnuninni kemur fram að marktækur munur er á starfsmannaviðtölum hér en annars staðar á landinu en hér höfðu allir nema tveir farið í starfsmannasamtal á síðustu 12 mánuðum. Starfsmenn telja starfsmannasamtölin gagnleg og verða lítið fyrir áreitni hvort sem er frá samstarfsmönnum eða foreldrum. Tíðni eineltis hvort sem er frá hendi foreldra eða samstarfsmanna er örlítið minni en á landinu.
- **Viðhorf til skólans.** Starfsánægja mældist töluvert meiri síðastliðinn vetur og var þá marktækt hærrí en á landinu en er nú svipuð. Einnig mælist svipað og á landinu starfsandi, stjórnun skólans og starfsumhverfi. Hinsvegar er upplýsingastreymi innan skólans marktækt meira en hjá viðmiðunarskólum.


**Kennarar:**

- **Kennarastarfið.** Í þessum flokki eru kennarar marktækt ánægðari en aðrir, þeir hafa meiri trú á eigin getu og undirbúningur fer meira fram í skólanum hér en annars staðar á landinu. Áhersla kennara á námsmat með prófum er töluvert minni en almennt gerist, en áhersla kennara á námsmat með öðru en prófum er aðeins minni en hjá viðmiðunarskólum. Námsmat fer fram að einhverju leiti með símati, leiðsagnarmati, sjálfsmati og jafningjamati nemenda. Hvað varðar upplýsingamiðlun til foreldra þá er annars vegar um að ræða að kennarar tali við og/eða sendi upplýsingar til foreldra um námsárangur nemenda, og hins vegar tali við og/eða sendi upplýsingar til foreldra um hegðun og/eða líðan. Einstaklingsmiðuð kennsla er töluvert meiri hér en hjá viðmiðunarskólum. Að lokum er meðaltími í heimavinnu nemenda við Grunnskóla Hornafjarðar mjög svipaður og almennt gerist.
- **Starfsumhverfi kennara.** Í þessum flokki eru kennarar marktækt ánægðari en aðrir varðandi stuðning við þá vegna nemenda með námsörðugleika og varðandi vinnuaðstæður. Þeir eru ánægðir með stuðning sem þeir fá vegna hegðunarörðugleika nemenda. Þeir fá marktækt meiri faglegan stuðning frá skólástjóra og það er virk samvinna um skólaþróun og umbætur. Samvinna um kennslu er töluvert undir landsmeðaltali. Kennarar hér telja sig vera með marktækt betri vinnuaðstæður en almennt gerist.
- **Mat og endurgjöf.** Kennurum hér finnst umfang mats og endurgjafar minna en almennt gerist. Marktækur munur er á hæfilegu mati og endurgjöf frá stjórnendum að mati kennara.
- **Símenntun kennara.** Fjöldi daga í símenntun er örlítið hærri hér en á landinu. Til viðmiðunar var marktækur munur á fjölda daga sem kennarar nýttu hér í símenntun síðastliðinn vetur, en þá var það marktækt færri dagar en almennt gerist. En hindranir eru t.d. að kostnaðarsamt er að fara á námskeið þegar þarf að sækja þau annað og oft eru þau á tímum sem hentar ekki kennurum utan af landi. Kennarar lesa bæði bækur og greinar í tímaritum og einnig leita þeir upplýsinga á vefmiðlum.
- **Gefinn er kostur á opnum svörum**
  - Kennarar gátu lýst því yfir hvað þeim finnst sérstaklega gott við skólann og þar kom fram að við skólann starfar frábært starfsfólk og margir tala um góðan starfsanda, samvinnu og samheldni starfsfólks.
  - Einnig gátu kennarar lýst því yfir hvað þeim finnst betur megi fara í skólanum og þar kom fram að nokkrir vilja auka enn frekar samvinnu á milli húsanna tveggja.



## Lesferill - lesfimiþróf

Lesfimiþróf Menntamálastofnunar hafa verið lögð fyrir nemendur Grunnskóla Hornafjarðar frá upphafi, haustið 2016, og var skólinn einn af skólum landsins sem tók þátt í fyrirlögnum þegar unnið var að stöðlun lesfimiþrófanna. Niðurstöður í maí 2019 má sjá á eftirfarandi mynd:



Eins og sjá má á myndinni þá fylgja nemendur grunnskólans að mestu leyti landsmeðaltali. 2., 7., 8., og 10. eru þó nokkuð yfir meðaltalinu en 9. bekkur undir. Þessar niðurstöður hvetja okkur áfram og höldum við því góða starfi sem unnið hefur verið í skólanum eftir áætlun „Leið til árangurs“. Grunnskólinn, leikskólinn og bæjaryfirvöld á Hornafirði tóku höndum saman um að efla námsárangur nemenda og haustið 2015 hófst vinnan formlega undir nafninu „Leið til árangurs“. Um leið og þessi vinna hófst var áhersla lögð á að fá foreldra/forráðamenn í lið með okkur í að bæta lesfimi nemenda með heimalestri á hverjum degi í öllum árgöngum grunnskólans. Bætt lesfimi hefur mikil áhrif á námsárangur nemenda og er það markmið skólans og foreldra að efla þá getu.

## Niðurstöður skimana og prófa

Niðurstöður úr skimunum og prófum á að nýta til að forma leiðir fyrir hvern og einn nemanda svo best verið hægt að styrkja hann og efla í sínu námi. Viðbrögð við námsárangri nemenda er lyklatríði í að bæta námsárangur. Í Grunnskóla Hornafjarðar er Logos-skimun lögð fyrir alla nemendur í 3., 6. og 9. bekk. Niðurstöður skimananna eru notaðar til að skipuleggja og

einstaklingsmiða lestrarnámið. Einstaka barn fer í frekari lestrargreiningu sé talin þörf á því. Fyrir lok grunnskóla er lögð áhersla á að öll börn með lesblindu séu með nýlega lestrargreiningu sem nýtist þeim í áframhaldandi námi.

#### Lesferill – Lesskimun fyrir 1.bekk

Leið til læsis er stöðluð lesskimun fyrir börn við upphaf skólagöngu til að kanna stöðu þeirra í læsi og forsendur þeirra til lestrarnáms. Athuguð er staða málþroska, hljóðkerfisvitundar og stafabekkingar nemenda. Niðurstöður skimunarinnar nýtast við skipulagningu lestrarkennslunnar.

#### Hraðlestrarpróf

Hraðlestrarpróf eru lögð fyrir tvisvar til fjórum sinnum yfir skólaárið. Viðmið Grunnskóla Hornafjarðar um leshraða eru lögð til grundvallar þegar metið er hvort einstakir nemendur þurfi á sérúrræðum að halda.

#### Logos lesskimun

Logos er greiningartæki til að greina lestrarerfiðleika hjá börnum, unglingum og fullorðnum og er það lagt fyrir alla nemendur í 3., 6. og 9. bekk að hausti.

#### Talnalykill

Talnalykill er greiningartæki til að greina stöðu nemenda í grunnþáttum stærðfræðinnar og er lagt fyrir nemendur í 3. og 6. bekk að hausti.

#### Samræmd próf í 4., 7. og 9. bekk

Þegar niðurstöður úr samræmdum prófum í 4. og 7. bekk birtast þá er farið yfir niðurstöðurnar á sameiginlegum fundi til að meta hvort einstaka nemendur þurfi á sérúrræðum að halda og til að skoða hvort og hvar hægt er bregðast við niðurstöðum í námi nemenda í áframhaldandi skipulagi hvort sem er hjá einstaka nemanda eða fyrir bekkinn í heild. Niðurstöður eru einnig skoðaðar með það í huga hvort bæta þurfi kennsluna í ákveðnum þáttum íslenskunnar eða stærðfræðinnar.

#### Umbótaáætlanir

Í þessum kafla eru umbótaáætlanir fyrir þau atriði sem mældust fyrir neðan landsmeðaltal í könnunum Skólapúlsins.

#### Umbótaáætlun foreldrakönnunar

Starfsmenn skólans fara yfir niðurstöður foreldrakönnunar Skólapúlsins á sameiginlegum fundi í mars. Þegar á heildina er litið koma niðurstöðurnar vel út. Við höldum áfram að vinna að eineltismálum og agamálum eins og áður í samvinnu við foreldra.

Þess ber að geta að haustið 2017 fóru allir starfsmenn skólans á námskeið hjá fyrirtækinu KVAN en þar sá Vanda Sigurgeirsdóttur fræðslu fyrir hópinn. Hluti af viðfangsefnum

námskeiðsins er þjálfun í félagsfærni, vináttuþjálfun, bekkjaranda, samvinnu, menningu, skólabrag, leiðtogavinnu, bekkjarstjórnun, einstaklingsvinnu og hópefli. Allt þetta tengist forvörnum gegn einelti og annarri neikvæðri hegðun.

### **Umbótaáætlun nemendakönnunar í 1. – 5. bekk**

Í nemendakönnuninni sem lögð var fyrir nemendur var spurt um ánægju af lestri, ánægju með skólann og vellíðan í skólanum. Niðurstöður voru mjög mismunandi, bæði mjög góðar og einnig niðurstöður sem þarf að bregðast við og var það rætt á fundi þar sem þessar niðurstöður voru kynntar og leiðir að umbótum ræddar. Tóku umsjónakennarar og aðrir sem koma að þeim bekkjum sem um ræðir við keflinu og ætla að vinna að þeim umbótum sem um ræddi. Umbæturnar verða síðan metnar aftur að ári þ.e. þegar niðurstöður næstu nemendakönnunar liggja fyrir.

### **Umbótaáætlun nemendakönnunar í 6. – 10. bekk**

Starfsmenn skólans fara yfir niðurstöður nemendakannana Skólapúlsins þegar þær liggja fyrir strax eftir fyrstu könnunina sem lögð er í september. Sl. vetur var farið í alla bekk og rætt um trú á eigin námsgetu, þrautsegju og dugnað við nemendur en þar höfum við ekki verið að koma vel út. Í vetur var reynt að halda þessari orðræðu ennfrekar inni þar sem ekki er hægt að sjá að umræðan hafi skilað sér í niðurstöðum Skólapúlsins. Þrátt fyrir mikla vinnu innan skólans gengur hægt að breyta niðurstöðum varðandi einelti, líðan og samsömun við nemendahópinn fara batnandi en við viljum ná meiri árangri hvað það varðar.

Starfsmannahópurinn fór á námskeið hjá fyrirtækinu KVAN sem sérhæfir sig í námskeiðahaldi og fræðslu fyrir börn og unglunga haustið 2017. Þar kynntist hópurinn Verkfærakistu Vöndu Sigurgeirsdóttur en þar er hægt að finna verkefni sem hægt er að vinna með nemendum og er hluti af viðfangsefnum þjálfun í félagsfærni, vináttuþjálfun, bekkjaranda, samvinnu, menningu, skólabrag, leiðtogavinnu, bekkjarstjórnun, einstaklingsvinnu og hópefli. Allt þetta tengist forvörnum gegn einelti og annarri neikvæðri hegðun. Unnið hefur verið eftir því frá haustdögum 2017 til að geta náð betri árangri varðandi einelti innan skólahópsins og líðan nemenda. Umbæturnar verða síðan metnar aftur að ári þ.e. þegar niðurstöður næstu nemendakönnunar liggja fyrir.

Til að koma betur til móts við fjölbreyttan nemendahóp og auka færni starfsfólks var tekin sú ákvörðun í vor að bjóða upp á nám fyrir starfsmannahópinn frá Menntavísindasviði Háskóla Íslands sem heitir „Þróun náms og starfs fyrir menntun fyrir alla – veturinn 2019 – 2020“. Námskeiðið er unnið og skipulagt í samvinnu við Grunnskóla Hornafjarðar. Allir starfsmenn taka þátt í þessari fyrirhuguðu starfsþróun og geta kennarar valið hvort þeir taki námið til eininga eða ekki. Tilgangur námskeiðsins er að þátttakendur kynni sér nám og starf í skóla og samfélagi fyrir alla og nýti þekkingu sína til að greina þarfir í starfsumhverfinu og þróa sitt eigið starf. Á námskeiðinu verður fjallað um hugmyndafræði menntunar fyrir alla (skóla margbreytileikans, skóla án aðgreiningar) og skoðað hvað það merkir að koma til móts

við náms- og félagslegar þarfir hvers og eins með manngildi, lýðræði og félagslegt réttlæti að leiðarljósi. Lögð er áhersla á heildstæða og skapandi nálgun í nemendamiðuðu skólastarfi.

### Umbótaáætlun starfsmannakönnunar

Starfsmenn skólans fóru yfir niðurstöður starfsmannakönnunar Skólapúlsins á sameiginlegum fundi í maí. Þegar á heildina litið komu niðurstöðurnar mjög vel út. Það sem starfsmönnum fannst helst vanta upp og mætti bæta var starfsánægja í skólanum en það mældist 0,1 undir landsmeðaltali en mældist síðastliðinn vetur töluvert meiri og var þá marktækt hærri en á landinu. Upplýsingamiðlun til foreldra fellur einnig undir landsmeðaltal þá er annars vegar um að ræða að kennarar tali við og/eða sendi upplýsingar til foreldra um námsárangur nemenda, og hins vegar tali við og/eða sendi upplýsingar til foreldra um hegðun og/eða líðan. Samvinna um kennslu er undir landsmeðaltali en þá er verið að ræða hvort kennarar fylgist með kennslu annarra kennara og veiti endurgjöf, taki þátt í sameiginlegum viðfangsefnum milli ólíkra bekkja og aldurshópa og skipuleggi nám sem tengi saman ólíkar námsgreinar. Umfang mats og endurgjafar er einnig undir landsmeðaltali en þá er spurt um hvort kennarar hafi fengið mat og/eða endurgjöf á starf sitt sem kennara frá skólastjórnendum/öðrum kennurum og/eða utanaðkomandi aðilum. Allir þessir þættir eru til skoðunar og ákveðið hefur verið að skólastjórnendur verði með frammistöðusamtal við starfsmenn á haustönn 2019 og sitji kennslustundir hjá kennurum og í kjölfarið ræði um frammistöðu og meti og gefi endurgjöf á það og á vorönn verði annað frammistöðusamtal með svipuðu sniði. Umbæturnar verða síðan metnar aftur að ári þ.e. þegar niðurstöður næstu nemendakönnunar liggja fyrir.